

Dagmar Trodler

Til nefndasviðs Alþingis

Dags. 17. janúar 2022

152. löggjafarþing 2021-2022.

Þingskjal 15 - 15. mál.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýravelferð

Undirrituð mælir með samþykki frumvarps um bann við blóðmerahald.

Sem hjúkrunarfræðingur og hestamanneskja sýnist mér að ákveðið lögbrot felst í því að blóðhryssuhöfuð er bundið á óeðlilegan og sársaukafullan hátt og kroppurinn hlekk með gjörð til þess að geta stungið ítrekað með nál (vikulegar blóðtökur í 8 vikur, auk deyfingssprauta í hvert sinn, auk tilheyrandi blóðtökur fyrir hórmonarmælingar), samkvæmt lög um dýravelferð í hrossum (910/2014) er þetta bannað:

"Óheimilt er að þvinga hross í höfuðburð með búnaði sem gefur ekki eftir eða að uppgefa hross með bindingum eða öðrum þvingunum." (9. grein 910/2014)

"Bannað er að beita hross harðýðgi eða annarri illri meðferð." (7. grein 910/2014)

Að stinga hest ítrekað með pennþykku nál í æð á viðkvæmu líkamssvæði er ekki sambærilegt mjáltarvéls á kúaspenu, því ístungan er *áverki* (sem "invasive method") - framkvæmt í hagnaðarskyni, amk átta sinnum í röð.

Lögin um velferð í hrossum ættu að gilda ekki einungis fyrir reið- og keppnishross, heldur fyrir öll hross á Íslandi.

Þangað til hefur ekki verið sýnt fram, hvernig hægt er að framkvæma blóðtökuna á hálfviltum hesti án þess að nota ofbeldi og brjóta lögin.

Eftirlit með 20.000 hryssum?

Ég hef fylgst með málinu frá byrjunin og skil ekki eftirlitsleysið (þ.e. að láta stórt fyrirtækið sjá um eftirlit hjá sjálfum sér), og hvernig dýralæknum við blóðtökur hefur fundist umgengi og aðstaðna í heild ásættanlegt.

Matvælastofnun kvartar sífellt yfir starfsmannaskortun í eftirlit, og hefur greinilega ekki ráðið við eftirlitshlutverk í þessu starfsemi – hvernig áætla stofnunin eftirlitið, þegar 20.000 hryssur verða í vikulegum notkun, eftir

Umhverfisstofnun er nýbúin að gefa út framleiðsluleyfi fyrir allt að 600 tonnum af hryssublóði?

Heildarhrossafjöldin á Íslandi er sirka 70.000. Fæ starfsemi *eins* fyrirtækisins að vaxa og dafna eftir ofangreinda leyfisveitingu, verða væntanlega um 100.000 hross komin í beit, ofbeit og átroðning viðkvæms jarðvegs.

Myndavélar hjálpar ekki hryssum

Ísteka tilkynnti að áformað væri að setja upp myndavélar á öllum blóðtökuaðstöðum. Planið hljómar vel, en fyrir utan þess að þá safnist allt of mikið efni til að skoða og meta, þá vill ég benda á því að það er *búið* að framkvæma mögulegt dýranið, þegar níðið er komið á myndband. Efirlitsaðilinn er þannig með heimild og sönnun fyrir dýranið (og gæti kært), en upptakan kemur ekki í veg fyrir dýranið.

Myndavélar hjálpar ekki hryssunum í þjáningu mómentsins.

Þjáning og tímaskyn

Það er síðferðisleg spurning, hvort þjáning í klukkutíma er réttlætanlegt, þegar annars hefur hryssan það svo gott.

Hesturinn er í eðli sínu ekki með tímaskyn, þannig að hryssan veit ekki hvenær það sé búið – rekstur inn í gerði, að verða viðskila við folaldið, rekstur inn í þröngan bás, að þurfa að biða í þröngum bás, að skynja hræðslu og stressið hjá hínun, svo tvingun með múl, reipi og gjörð, ístungan, blóðtakan, sársaukan – og líkamsleg slappleikið sem fylgir.

Hún veit ekki að henni mun líða betur á morgun (Kannski. En það vitum við ekki, enda liggja sönnunargögn ekki fyrir. Hins vegar er vitnað í gögn um blóðmagnið hjá Drs vet. Barandun og Isenbügel)

Hryssan upplífir hrylling í hvert sinn sem endalaust. Sumir berjast alltaf, sumir gefast upp (*Learned Helplessness*).

Þjáning í klukkutíma er því ekki réttlætanleg.

“Mikilvægi þjóðar og síðferðisframfarir má dæma eftir því hvernig hún kemur fram við dýrin sín.” (Mahatma Ghandi)

Framtíðin er sjálfbær

Fyrir utan landssteina, í Evrópusambandið, er metnaður hjá yfirvöldum að hvetja bændur í auknu mæli að skipta yfir í sjálfbæran búskap (*Farm to Fork Initiative*) og hætta við verksmiðjubúskap og þauleldi.

PMSG-framleiðslan er því algjört “gamaldagsmódel”, enda at minnsta kosti 36 valkostalyf með markaðsleyfi, samkvæmt upplýsingar frá þýskum Þingi (Bundestag) árið 2018.

Ísland ættir að stuðla framtíðin, ekki fortiðin í landbúnaðinum.

Í þágu hryssna stýð ég frumvarpið um bann við blóðmerahaldi.

Virðingafyllst,

Dagmar Trodler